

Fundur í hverfisnefnd Giljahverfis, haldinn í Giljaskóla, 25. nóv. 2004, kl. 20:00.

Mættir: Aðalsteinn, Sigurður og Guðlaug.

Fundarefni: Umsögn um fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar, hugmyndir um nýtingu Giljaskóla utan skólatíma og framkvæmdir við nýja bensínstöð austan hverfisins.

Fjölskyldustefna Akureyrarbæjar:

Nefndarmenn lýstu áhyggjum með hversu hægt gengur að framfylgja forvörnum gegn vímuefnum. Hins vegar er margt mjög gott sem hefur verið gert í skólastarfinu. Fram kom að foreldrafundur í Giljaskóla leggur áherslu á að komið verði á fót félagsmiðstöð í Giljaskóla eins og í öðrum grunnskólum Akureyrarbæjar í samræmi við fjölskyldustefnuna. Þetta er annað skólaárið sem kennt er í 10. bekk við skólann og því full ástæða til að koma á fót tólmundastarfi fyrir elstu bekkina svo þeir unglingar sem vilja þurfi ekki að sækja í önnur hverfi til að hittast eftir skólatíma, annars staðar en í heimahúsum.

Teljum nauðsynlegt að íbúar í Giljahverfi hafi aðgang að skólahúsnæðinu utan skólatíma enda er þetta eina húsnæðið í hverfinu þar sem hægt er að halda stærri og minni fundi

Almennt telja nefndarmenn að fjölskyldustefnan sé gott framtak og ákveðið hugrekki þurfi til að sýna stöðuna eins og hún er þó ekki hafi allt gengið eins og áætlað var í upphafi.

Ný bensínstöð:

Nú eru „loksins“ hafnar framkvæmdir við fyrirhugaða bensínstöð á horni Giljahverfis, Síðuhverfis og Hlíðarhverfis. Frá því að þessari lóð var úthlutað í upphafi og til upphafs framkvæmda hefur ýmislegt breyst í umhverfinu. Búið er að gróðursetja mikið af trjám þarna í næsta nágrenni, malbika og lýsa upp göngustíg sem kemur austan við fyrirhugaða byggingu svo ekki sé minnst á nýjan leikskóla í nokkurra metra fjarlægð, vestan við Hlíðarbraut. Nefndarmenn lýsa furðu sinni að bensínstöð skuli staðsett svona nálægt leikskólanum, þar sem starfsemi er hafin í leikskólanum áður en framkvæmdir hófust við bensínstöðina. Einnig telja þeir nauðsynlegt að hraðað verði og vandað til alls frágangs utan dyra svo sem minnst spjöll verði á gróðrinum á þessu útivistarsvæði. Einnig lýsa nefndarmenn yfir áhyggjum yfir því hvernig aðkomu verði háttáð að svæðinu. Vitað er að inn/út keyrslur verða til norðurs á Borgarbraut en hvernig verður háttáð aðkomu fyrir þá íbúa í hverfunum sem ekki koma á bifreiðum, þeir þurfa allir að fara yfir miklar umferðargötur til að komast að þessu svæði. Þess má geta að það eru 108 íbúðir í blokkunum fjórum sem standa næst þessari byggingu.

Fundi var slitið kl. 21:50.

Fundargerð ritaði:

Guðlaug Kristinsdóttir.